

Jafnlaunastefna Grundarheimilanna

Grundarheimilin hafa tekið ákvörðun um að innleiða og starfrækja gæðakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST85:2012. Ákvörðun þessa efnis var tekin af stjórn stofnunarinnar og finnst í bókun dags. 21.06.18.

Jafnlaunakerfið nær til allrar starfsemi Grundarheimilanna og allra starfsmanna sem starfa hjá þessum fyrirtækjum:

- Grund hjúkrunarheimili, kt. 580169-1209
- Ás, Dvalar- og hjúkrunarheimili. Kt. 430169-1229
- Mörk hjúkrunarheimili, kt. 600510-0100
- Grund-Mörk ehf., kt. 551206-0250
- Þvottahús Grundar og Áss ehf., kt. 660902-2870
- Íbúðir eldri borgara í Mörk ehf., kt. 681013-0910

Stefna Grundarheimilanna er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir starfsmenn njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Það er stefna stjórnar Grundarheimilanna að gæta fyllsta jafnréttis, að hver starfsmaður sé metinn að eigin verðleikum og að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri í starfi án tillits til kynferðis, þjóðernis, trúarskoðanna, kynhneigðar, kynþáttar og stjórnmálaskoðana. Stjórn Grundarheimilanna skuldbindur sig til að vinna að jafnréttismálum, hafa frumkvæði í þeim og sýna þannig samfélagslega ábyrgð. Stjórn Grundarheimilanna mun framfylgja lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál.

Marmkið og áætlanir:

- Að innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið.
- Að kynbundinn launamunur sé minni en 3% árið 2020.
- Að við ákvörðun um ráðningu og tilfærslu sé lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri.
- Að framkvæmd sé launagreining a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort munur mælist á launum eftir ofangreindum þáttum og niðurstöður jafnlaunagreiningarinnar kynntar fyrir starfsfólki.
- Að brugðist sé við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Að starfsmenn eigi jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Gera skal innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Að fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjara- og stofnanasamningum sem í gildi eru hverju sinni.
- Að kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu fyrirtækjanna.

Stjórn Grundarheimilanna hefur mótað jafnlaunastefnu sem uppfyllir kröfur staðalsins ÍST85:2012. Mannauðsstjóri Grundarheimilanna ber ábyrgð á skjalfestingu, innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Forstjóri Grundar ber ábyrgð á að Jafnlaunastefnan sé rýnd og endurskoðuð a.m.k. árlega. Hann ber ábyrgð á að gera nauðsynlegar breytingar á Jafnlaunastefnu Grundarheimilanna, kynna þær stjórn stofnunarinnar sem samþykkir breytingar. Jafnlaunastefna Grundarheimilanna er sjálfstætt skjal og merkt STE-0021.